

Íslenska kalkþörungafélagið ehf  
Hafnarteigi 4  
465 Bíldudalur

Reykjavík, 30. janúar 2020  
UST201901-100/H.R.A.  
08.10.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun með fyrirvara og ósk um nánari upplýsingar.**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 5. júní 2019 þar sem samþykkt var úrbótaáætlun vegna eftirlits stofnunarinnar frá 28. febrúar 2019. Sem og eftirlitsskýrslu stofnunarinnar frá 9. janúar 2020, vegna eftirlits frá 15. október 2019. Í eftirliti 15. október sl. kom í ljós að úrbótum vegna fimm útistandandi frávíka væri ekki lokið og þrjú ný frávik komu jafnframt fram. Samkvæmt þessu var ljóst að uppfæra þyrfti úrbótaáætlun í samræmi við það. Þann 19. desember 2019 barst stofnuninni uppfærð úrbótaáætlun.

### **Frávikin, úrbótaáætlun rekstraraðila og viðbrögð stofnunarinnar eru eftirfarandi:**

#### **Útistandandi frávik frá samþykktri úrbótaáætlun frá 5. júní 2019:**

- Grein 2.5. í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi sem skal fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfisvöktun. Þá skal umhverfisstjórnunarkerfið fjalla ítarlega um hvernig lágmarka skal ryk frá dreifðum uppsprettum, þ.m.t. uppskipun og flutning hráefna. Samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun frá 5. júní 2019 var frestur veittur til lok október 2019 til að ljúka við að koma á umhverfisstjórnunarkerfi. Samkvæmt eftirliti 15. október 2019 hefur rekstraraðili unnið að endurbótum á gæðakerfi verksmiðjunnar og hefur kerfið fengið gæðavottun FEMAS. Í kjölfarið vinnur rekstraraðili að umhverfisstjórnunarkerfi sem ætlað er að tengist inn á gæðakerfið. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun kemur fram að stefnt er að því að umhverfisstjórnunarkerfið verði tilbúið eigi síðar en 20. febrúar nk. til endanlegrar samþykktar og útsendingar til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun fellst á framangreint og mun taka stöðuna út í næsta reglubundna eftirliti.**
- Grein 3.3. í starfsleyfi.** Frágangur á lóð skal vera snyrtilegur en mikið magn af byggingarúrgangi, brotajárni, tómun bömbum og öðrum úrgangi var á lóðinni við fyrri eftirlit. Samþykkt úrbótaáætlun frá 5. júní 2019 miðaðist við að tiltekt á lóð yrði lokið fyrir árslok 2019 og samkvæmt upplýsingum rekstraraðila er henni lokið. Við eftirlit 15. október 2019 voru á hráefnishluta verksmiðjunnar nokkrir stórir haugar af

hráefni og úrkasti (þ.e. leir sem búið er að harpa þörungum frá). **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun er búið að fjarlægja brotajárn og annan úrgang af lóðinni. Enn eru nokkrir hlutir og búnaður sem rekstraraðili hyggst nýta við endurbætur á verksmiðjunni. Þá er unnið að betra skipulagi á hráefnis og úrkastshaugum á lóðinni. Frávikinu telst lokið en Umhverfisstofnun mun meta umgengni í reglubundnum eftirlitum.**

3. **Grein 3.12 í starfsleyfi.** Framleiðsluúrgangi (leirefnum) hefur verið safnað upp í stórsekkni utandyra á undanförunum árum. Samkvæmt ákvæðum starfsleyfis skal úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun frá 5. júní 2019 var fyrirhugað að endurpakka því sem væri heilt af framleiðsluúrgangi og senda til Frakklands og nýta í áburðarframleiðslu. Áætluð verklok voru í lok september 2019. Við eftirlit 15. október 2019 kom í ljós að enn er unnið að umpökkun sekkjana, við umpökkunina myndast talsvert ryk. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun er stefnt að því að skipa eins miklu magni af úrgangi út til Frakklands til áburðargerðar og mögulegt er fyrir lok apríl 2020. Jafnframt yrði mögulega skoðuð sú leið að urða efnið annarsstaðar. Á meðan verður unnið að því að umpakka því sem þarf að umpakka. Einnig hefur umpökkunarsílóí nú verið komið fyrir innandyra sem ráðstöfun vegna rykmagns sem myndast hafði við umpökkun sekkjana. Rekstraraðili er í samningaviðræðum við mögulega móttöku aðila ryksins og bindur vonir við að þessi mál skýrist frekar í janúar/febrúar 2020. Umhverfisstofnun fellst á framangreint en óskar eftir nánari tímasettri úrbótaáætlun um umpökkun ryks og ráðstöfunarleiðir fyrir 20. febrúar 2020.**

4. **Grein 3.4. í starfsleyfi.** Sýnileg mengun var staðfest í eftirliti 28. febrúar 2019 úr einum skorsteini verksmiðjunnar sem liggur upp frá kornun (granulation). Samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun frá 5. júní 2019 var unnið að úrbótum varðandi rykmengun og stefnt að því að leggja fullmótaða áætlun með hönnunargögnum fyrir Umhverfisstofnun í lok september 2019. Ásamt því stóð til að lágmarka ryk með því að bæta síun alls tækjabúnaðar. Í eftirliti 15. október sl. var yfirlitsteikning af verksmiðjunni og rykhreinsikerfi afhent. Þá hefur verið fjárfest í flokkunartæki sem mun bæta flokkun á hráefninu eftir að það kemur úr þurrkurum og er stefnt að því að koma því í gagnið í fyrir lok september 2020. Einnig er unnið að því að svæðisskipta stjórnkerfi verksmiðjunnar þannig að hægt sé að slá út ákveðnum svæðum ef upp koma vandamál í stað þess að þurfa að slá út allri verksmiðjunni eins og kerfið er í dag. Útblástursmælingar voru framkvæmdar degi eftir að eftirlitið fór fram. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun kemur fram að búið er að bæta við loftpressu (þjöppu) sem og þurrkara í kerfið, hefur það breytt töluverðu og dregið úr hættu á því að raki sé í þjöppuðu lofti í loftkerfi verksmiðjunnar. Nýr búnaður hefur verið keyptur fyrir kornun og er stefnt að því að koma honum í gagnið á vormánuðum 2020. Áætlað er að uppsetning á nýtilkomnu flokkunartæki (classifier) verði lokið í september 2020. Jafnframt er stefnt að því fyrir árslok að koma upp betra stjórnkerfi sem tengir hreinsivirkin betur saman. Þegar útblástursmælingar voru gerðar í verksmiðjunni 18. október 2019 voru ekki merki um mælanlegt ryk á þeim stöðum þar sem að sýnilegi reykurinn sást áður. Umhverfisstofnun fellst á framangreinda úrbótaáætlun og mun fylgja eftir framgangi hennar í reglubundnu eftirliti.**

**Ný frávik úr vettvangsferð dags. 15. október 2019:**

1. **Grein 3.9. í starfsleyfi.** Styrkukning svifagna fyrir og eftir dælingu í júní 2018 mældist 8 mg/l í sýnatökupunkti nr. 1. Samkvæmt starfsleyfi má styrkukning nema að hámarki 2 mg/l. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að mælingar fyrir og eftir dælingu í desember 2019 kemur fram að styrkukning í öllum sýnatökupunktum er innan starfsleyfismarka. Frávikinu telst því lokað.**

2. **Grein 3.3 í starfsleyfi og 9. gr. reglugerðar 442/2018 um raf- og rafeindatækniúrgang.** Frágangur á lóð skal vera snyrtilegur en mikið magn af byggingarúrgangi, brotajárni, tómum bömbum og öðrum úrgangi var á lóðinni. Í eftirlitinu kom fram að unnið er að tiltekt lóðarinnar, svo sem að senda brotajárn í endurvinnslu ofl. Í skoðunarferð um lóðina sáust rafgeymar á vörubretti, ísskápur og fleiri raftæki sem voru óvarin fyrir regni og veðrun. Geymslustaðir raf- og rafeindaúrgangs áður en meðhöndlun hefst skulu skv. reglugerð nr. 442/2018 vera viðeigandi svæði með ógagndræpu yfirborði þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar og ef við á fellingar- og fituhreinsunarbúnaður og verja skal geymslustaði fyrir vatni og vindum. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun verður leitað leiða til að bæta úr geymslu á raftækjum, rafgeymum og slíku í samræmi við lýsingu á fráviki. Umhverfisstofnun óskar eftir nánar tímasettri úrbótaáætlun varðandi þetta atriði fyrir 20. febrúar 2020.**

3. **Grein 3.13 í starfsleyfi og töflu III. Í viðauka reglugerðar 724/2008 um hávaða.** Skráningar á hávaða gefa til kynna að hávaði sé enn yfir reglugerðarmörkum leyfilegs hávaða í íbúabyggð að nóttu til. Rekstraraðili hefur gert ýmsar úrbætur sem virðast skila árangri en ljóst er að nauðsynlegt er að grípa til fleiri aðgerða til að tryggja að hávaði sé innan leyfilegra marka. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun verður haldið áfram að bæta við einangrun í þurrkararými og tryggja lokun hurðar frá verkstæði yfir nóttina til að draga úr hávaða sem kann að berast þaðan. Umhverfisstofnun fellst á ofangreint en telur mikilvægt að rekstraraðili haldi tíðar skráningar um hávaða í nágrenni verksmiðjunnar eins og verið hefur. Úrbæturnar verða teknar út í næsta eftirliti.**

**Umhverfisstofnun samþykkir úrbótaáætlun rekstraraðila með þeim breytingum sem hér greinir;**

**Umhverfisstofnun óskar eftir því að nánar tímasett áætlun um úrbætur vegna frávika í tölulíð 3, frá áður samþykkttri úrbótaáætlun frá 5. júní 2019 og í tölulíð 2, úr eftirlitsferð dags. 15. október 2019, verði sendar stofnuninni fyrir 20. febrúar 2020.**


**Úrbætur annarra frávika verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.**


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

  
Skúli Þórðarson  
Sviðsstjóri

  
Helga Rut Arnarsdóttir  
Lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis